

Guðmundur Einarsson

Þriðjudagur, 19. febrúar 2019



Guðmundur Einarsson, Gúndi, fæddist 21. ágúst 1925. Hann lést 6. febrúar 2019. Útför Guðmundar fór fram 18. febrúar 2019.

Það var fyrir nokkrum árum að lítill sönghópur var stofnaður sem nefndur var Tjaldur. Hópurinn var stofnaður af Gúnda og tveimur konum sem öll voru félagar Rauða krossins í Hveragerði. Sungið var hálfsmánaðarlega fyrir og með heimilismönnum að Ási í Hveragerði. Með árunum fjölgaði í hópnum, nú eru félagarnir liðlega 10.

Gúnda var margt til lista lagt, eitt af því fyrsta sem hann keypti sér ungur eða um 18 ára gamall var píanó sem fylgdi honum þar til hann flutti að Ási fyrir fáum árum en þá prófaði

hann að læra á gítar en fann fljótt að spila á bassa passaði betur.

Hann hóf að læra á bassa hjá Bassa, þá á tíræðisaldri og fór fljótlega að spila á bassann með hópnum. Gúndi gaf mikið til okkar, síðast söng hann og lék á bassann sinn með hópnum skömmu fyrir jól.

Hann Gúndi var mikill listamaður, skar út í tré, þar naut hann fyrir handverk sitt hinnar góðu aðstöðu sem er í Ási.

Hann málaði, m.a. myndir af íslenska skjaldarmerkinu og gaf margar slíkar til ýmissa félaga og samtaka, ótrúlegt hve handstyrkur hann var, allt var vel útmælt hjá honum, og beinar línur var hann ekki í vanda með.

Ótaldir eru þeir kórar sem hann tók þátt í og starfa hér í Hveragerði, auk sönghópsins okkar Tjaldar, söng hann í Hverafuglum, kór Félags eldri borgara í Hveragerði og Karalakór Hveragerðis sem hann hlakkaði mjög til að fara með í söngferð til Ítalíu næstkomandi haust.

Það var alltaf stutt í grínið hjá honum, hann sagði gjarna „Já, ég er nú bara átján ennþá“.

Einnig sagði hann oft, ef einhver rétti honum hjálparhönd „Já, hann er nú svo barngóður“.

Við þökkum góð kynni og gott samstarf.

Hópurinn vottar aðstandendum öllum dýpstu samúð.

Fyrir hönd sönghópsins Tjaldar,

Örn
Guðmundsson.

Þegar Guðmundur Einarsson hætti að syngja í bassa fór hann að læra á bassa. Svona gera bara snillingar. Þessi félagi okkar, fyrst í Karalakór Reykjavíkur og síðar í kór eldri félaga kórsins, var um margt sérstakur maður. Líklega munum við ekki síst hans einstöku kímigáfu. Það mætti gefa út heila bók með öllum þeim útúrtnúningum og orðtökum sem komu svo fyrirhafnarlaust og öllum til skemmtunar. Það er víst orðið of seint. En það er ljúflingurinn Gúndi sem lifir með okkur í minningunni og sem glæddi hverja samverustund.

Frá hausti 1973 til vors 2013 lágu leiðirnar saman í söngnum, eða í 40 ár. Lengi vel í öðrum tenór en síðan í fyrsta bassa þegar Gúndi færði sig yfir í kór eldri félaga. En það var ekki bara sungið. Til að halda lífi í kórum þarf að halda utan um félagsstarfið og ekki síst að afla fjár. Þá kom bílamálaranum og fagmanninum snjalla ráð í hug – láta gera upp bíla, mála þá og selja og skila söluverðinu í oftast tóman sjóð Karalakórs Reykjavíkur. Þetta var á við góða vertíð. Þær voru svo margar stundirnar sem fóru í umsjón félagsheimilis, söfnun styrktarfélaga, stjórnarfundu o.s.frv. Ef vantaði að vinna verkin, voru hendur þessa félaga okkar oftast fyrstar á loft.

Að gefa lífinu lit gætu hafa verið einkunnarorð Guðmundar Einarssonar í starfi og leik. Það er gæfa hvers og eins að eiga samleið með einstaklingum sem gera litróf lífsins gjöfulla. Þessa nutum við ríkulega sem vorum að syngja saman gegnum lífið með Gúnda í fjóra áratugi.

Listamenn hafa löngum sett svip á mannlífið í Hveragerði. Þar átti Gúndi góð sín síðustu ár, lærði á bassa á tíræðisaldri, söng í kórum, skar út listagrip og yljaði í kringum sig – sannur listamaður.

Svona heiðursmanns er gott að minnast.

Reynir Ingibjartsson,
félagi í Karalakór Reykjavíkur – eldri félagar.